

Reykjavík, 20. apríl 2016

Til verkefnisstjórnar rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða

Efni: Athugasemdir við drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar, Rá).

Drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar eru umfangsmikil og krefjast ítarlegrar yfirferðar. Umsagnaferli við skýrsluna er tvískipt. Hið fyrra er þrjár vikur, en hið seinna, sem hefjast á hinn 11. maí n.k., er mun lengra eða þrjú mánuðir. Stjórn Landverndar mun skila inn ítarlegum athugasemdum við lok þess tímafrests, í ágúst n.k., en sendir hér almenna afstöðu sína gagnvart drögum að flokkun verkefnisstjórnar.

Að mati stjórnar Landverndar er nauðsynlegt að horfa í mun meira mæli á vernd heildstæðra svæða, líkt og samtökin hafa áður bent á, m.a. við kynningu og afgreiðslu 2. áfanga RÁ. Þannig horfa samtökin til þess að mynda megi stór verndarsvæði þar sem frekari orkunýting á sér ekki stað. Landvernd fagnar því sérstaklega að tillaga verkefnisstjórnar 3. áfanga RÁ varðandi vatnasvið á hálendinu gengur langt í verndarátt.

Umfjöllun verður hér skipt eftir svæðum og einungis fjallað um nýja afgreiðslu verkefnisstjórnar.

Miðhálandi Íslands

Landvernd er í hópi 20 annarra náttúruverndar- og útivistarsamtaka, auk Samtaka ferðaþjónustunnar, sem nýverið skrifuðu undir viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs sem næði til hálendisins eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi miðhálandisins 1999-2015 og í landsskipulagsstefnu. Í viljayfirlýsingunni er vikið að orkunýtingu á svæðinu og þar segir: „*Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu yrði fallið frá frekari virkjunum og háspennulínunum á svæðinu*“. Það er mat Landverndar að nýjar virkjanir og háspennulínur, a.m.k. í lofti, eigi ekki að reisa á miðhálandi Íslands. Landvernd tekur því sérstaklega undir tillögu verkefnisstjórnar um að virkjanahugmyndir í Jökulsánum í Skagafirði, Skjálfandafljóti, Þjórsá vestur (Kjalölduveita) og Skaftá fari í verndarflokk. Þar með yrðu mikilvæg vatnasvið á hálendinu vernduð og mun líklegra að þjóðgarður geti orðið að veruleika. Virkjunarhugmynd við Skrokköldu á Sprengisandi fellur hinsvegar illa að hugmyndum um þjóðgarð og vernd hálendisins sem einnar heildar. Landvernd leggst gegn flokkun hennar í orkunýtingarflokk, enda um litla virkjun að ræða. Á sömu forsendu gera samtökin athugasemd við að Blöndulundur fari í orkunýtingarflokk. Landvernd undrast ólíka flokkun myllulundanna sem báðir standa við mikilvæg hlið að hálendinu og mætti því ætla að þeir hefðu álíka neikvæð áhrif á ferðamennsku.

Af ofangreindum ástæðum er Landvernd einnig þeirrar skoðunar að virkjanahugmyndir í biðflokki sem eru inni á miðhálandinu eigi að setja í verndarflokk. Ekki verður nánar fjallað um það að sinni.

Reykjaneskagi

Með tillögu verkefnisstjórnar, verði hún að veruleika, þrengir mjög að verndar- og útivistarsvæðum á Reykjaneskaga. Jarðfræði Reykjaneskagans er einstök á heimsvísu. Reykjanesfólkvangur er eitt þessara svæða í nágrenni höfuðborgarinnar. Landvernd er þeirrar skoðunar að ekki eigi að virkja innan fólkvangsins. Nú þegar eru virkjunarhugmyndir við Sandfell og á Sveifluháls í orkunýtingarflokki og í tillögu verkefnisstjórnar eru Austurengjar settar í orkunýtingarflokk. Einungs Brennisteinsfjöll eru í verndarflokki. Seltún í Krýsuvík er líklega eitt verðmætasta háhitasvæði landsins út frá sjónarhóli ferðapjónustu. Landvernd hefur áður talað fyrir því að allar virkjunarhugmyndir innan Reykjanesfólkvangs verði settar í verndarflokk og stefnt að stofnun eldfjallapjóðgarðs á Suðvesturlandi.

Neðrihluti Þjórsár

Landvernd gerir enn mikinn fyrirvara við flokkun virkjana í neðrihluta Þjórsár í orkunýtingarflokk vegna óvissu um áhrif á laxastofn árinna sem hefur sérstöðu á heimsvísu hvað varðar stærð og aðlögun að óvenjulegu umhverfi og vegna þess að áhrif virkjananna á samfélag heimamanna á svæðinu er ekki fullkannað.

Lokaorð

Landvernd leggur ríka áherslu á nauðsyn þess að fara hægt í uppbyggingu frekari stórvirkjana hérlandis, a.m.k. þar til fyrir liggur ígrunduð orkustefna sem m.a. tiltekur hvað eigi að virkja mikið næstu 20 árin eða svo, hvenær réttlætanlegt er ráðast í stórvirkjun (t.d. við hvaða efnahagsskilyrði), hvaða lágmarksarð skuli greiða af orkuauðlindum o.s.frv. Grunnforsenda frekari virkjana er að landsmenn viti í hvað orkan á að nýtast og hvaða arður skapast af henni.

Þá telur Landvernd að endurskoða þurfi hugmyndafræði rammaáætlunar, sem er mjög virkjunarmiðuð og segir í raun að allt land, þar sem er að finna fallvötn eða háhita, sé mögulegur virkjunarkostur – friðlaust nema annað sé ákveðið. Nálgunin á auðvitað að vera þveröfug, þ.e.a.s. að allt land, einkum í ríkiseigu, sé friðað þar til og nema að unnt sé með sannfærandi rökum að sýna fram á nauðsyn þess og hagkvæmni fyrir þjóðina að þar sé virkjað. Þá telur Landvernd að sárlega vanti ytri viðmið fyrir rammaáætlunarferlið, sbr. ofangreint, og að horfa þurfi mun meira til verndar heildstæðra svæða en nú er gert, ekki síst miðhálandis Íslands.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar,

Snorri Baldursson,
formaður Landverndar.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar.